



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Pórður Már Sigfússon
skipulagsfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Mánudagur, 31. maí 2021
MÍ202007-0094 / 6.09 / M.A.S.

Efni: Deiliskipulag fyrir atvinnusvæði við Iðjubraut, Búðardal

Með tölvupósti dagsettu 2. júlí 2020 óskaði Pórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulag iðnaðar- og athafnasvæðis við Iðjubraut í Búðardal í Dalabyggð.

Í umsögn, dagsettri 24. júlí 2020, gerði undirritaður kröfu um að skipulagsvæðið yrði fornleifaskráð.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Með tölvupósti dagsettu 25. maí 2021 var aftur óskað eftir umsögn Minjastofnunar Íslands. Meðfylgjandi var fornleifaskráning yfir skipulagsreitinn (Gylfi Helgason 2020. Búðardalur í Dalabyggð: *Fornleifaúttekt vegna ráðagerða um athafna- og iðnaðaruppbryggingu við Iðjubraut*. Fornleifastofnun Íslands.)

Við skráninguna fannst grjóthlaðin beitarhústóft (DA-090:31) sem er rétt utan deiliskipulagssvæðisins að norðanverðu en helgunarsvæði tóftarinnar nær inn á skipulagssvæðið. Samkvæmt 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru: „*Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands*“. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja. Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við fyrirhugað deiliskipulag.

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvárdanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranelgar til æðra stjórnvalds. Jafnvært er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.